

Kennsluáætlun 2025-2026

8. - 10. bekkur

Námsgrein: Þýska

Kennari: Cornelia Spandau

Tíma fjöldi á viku: 2 klst.

Markmið

Að nemandi:

- geti skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt.
- geti hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.
- geti aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- geti lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.
- geti lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.
- geti lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.
- geti tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum.
- geti tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.
- geti tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum.
- geti flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum.
- geti sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi.
- geti skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- geti skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða.
- geti greint á milli helstu afbrigða tungumálsins.
- geti sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.
- geti beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.
- geti nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarforrit.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Innlögn/ bein kennsla
- Regluleg upprifjun atriða sem hafa verið kennd áður
- Einstaklings-, para- og hópavinna með skapandi viðfangsefni (stigbreyttar kröfur í samvinnuverkefnum þar sem 5.-10. bekk er kennt saman)
- Umræður og spurningar
- Leiðsagnarnám og lausnaleitarnám
- Spil og leikir tengt námsefninu

Námsmat:

- Leiðsagnarmat
- Könnun mánaðarlega (um orðaforða og/eða málfræði)
- Virkni/ vinnubrögð/ áhugi og hegðun í tímum
- Símat
- Jafningjamat

Námsgögn:

- Efni frá kennara og ýmsum vefsíðum
- Munnlegar og skriflegar æfingar
- Vinnubók: Das Übungsheft Lesen
- Bækur, sögur, textar á þýsku (t.d. "Rory Shy", "Carags Verwandlung")
- Námspil